

**Sp.** **20. Tillaga til þingsályktunar** [20. mál]

um að leggja niður starfsemi lánadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að leggja megi niður starfsemi lánadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

G r e i n a r g e r ð .

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.